



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Illugi Gunnarsson ráðherra
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. september 2015

Ágæti mennta- og menningarmálaráðherra.

Í tilefni þess að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mun, samkvæmt opinberri umfjöllun, taka til umræðu á fundi sínum þann 11. september nk. *fyrirkomulag fjárútláta foreldra vegna kaupa á námsgögnum barna í grunnskóla og fyrirkomulag skólamáltíða*, ákvað Velferðarvaktin á fundi sínum þann 31. ágúst sl. að senda bréf með tillögu til stjórnarinnar (sjá fylgiskjal).

Þar sem málefnið grundvallast á grunnskólalögunum og tillagan felur í sér að komið verði á starfshópi ríkis og sveitarfélaga ásamt hagsmunaaðilum beinir Velferðarvaktin tillögnum einnig til þín.

Velferðarvaktinni er m.a. falið samkvæmt skipunarbréfi að „...huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“.

Velferðarvaktin hefur í gegnum tíðina komið á framfæri áskorunum til sveitarstjórna og skólanefnda sveitarfélaga um að tryggja að börn fái hádegismat í grunnskólum ásamt því að leggja áherslu á að halda kostnaði heimilanna vegna skólasóknar barna í lágmarki.

Með kveðju,

Siv Friðleifsdóttir,
formaður Velferðarvaktarinnar

Fylgiskjal: Afrit af bréfi til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. september 2015.

